



# ÞINGGERÐ 1996



72. Ársping,  
Smáranum, Kópavogi,  
17. febrúar 1996



# 72. Ársþing UMSK haldið í Smáranum, Kópavogi þann 17. febrúar 1996

## 1. Þingsetning

Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson ritari ÍSÍ, Lovísa Einarsdóttir og Unnur Stefánsdóttir báðar úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Pórir Jónsson formaður UMFÍ og Ólína Sveinsdóttir stjórnarmaður UMFÍ.

## 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Þingið hófst á vali þingforseta. Svanur M. Gestsson formaður UMSK bar upp tillögu um Jón Inga Ragnarsson og Pál Aðalsteinsson.

*Tillagan var samþykkt með lófataki.*

## 3. Kosning þingritara

Jón Ingi Ragnarsson þakkaði traustið sem honum var sýnt með kjöri sem þingforseti og bar upp tillögu um þingritara. Þingritari var kjörin Lilja Petra Ásgeirsdóttir og Ingibjörg Hinriksdóttir til vara.

## 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Pví næst var borin upp tillaga um Ingibjörgu Hinriksdóttur, Ólaf Bjarnason og Kristjáni Erlendsyni í kjörbréfanefnd og var hún samþykkt samhljóða. Tók nefndin þegar til starfa.

## 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur Gestsson flutti nú ávarp sitt og stiklaði síðan á stóru úr skýrslu sambandsins, sem lá prentuð fyrir þinginu. Hann gerði að umtalsefni hið mikla brothvarf unglingsa úr íþróttastarfi.

## 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Hilmarsson greindi frá reikningum sambandsins sem lágu fyrir prentaðir í ársskýrslu UMSK.



## 7. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Ellert B. Schram. Hann flutti kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann þakkaði gott samstarf og færði sambandinu heillaóskir með árangur.

Hann ræddi um samdráttinn í lottó og getraunatekjum og lág framlög sveitarfélaga og ríkis. Hann ræddi einnig lítillega um hátt brottafell unglings sem má rekja m.a. til að keppni og kröfur eru mjög miklar strax á unga aldri og veldur það því að þeir sem ekki ná árangri falla frá æfingum. Íþróttahreyfingin snýstekki eingöngu um keppni heldur hinn félagslega þátt í uppeldinu. Forvörn gegn sjúkdómum, lengir lífið, eflir hreysti og heilbrigði. Endurskoða þarf keppnisvenjur, gefa sem flestum tækifæri til að spreyta sig sér til ánægju.

Hann minntist á fíkniefnabölið og sagði það skyldu íþróttahreyfingarinnar að stunda forvarnir. Hreyfingin þarf að laða unglingana að. Þeir læra ástundun reglusemi, eru í góðum félagsskap og öðlast félagsþroska og af því leiðir minni hætta á að lenda á glapstigum. Hann mæltist til þess að einstök íþróttfélög tækju til sinna ráða til að laða að börn og unglings. Það skiptir máli fyrir hreyfinguna ekki síst út á við. Þá mun okkar starf verða meira metið af almenningi og stjórnvöldum. Við þurfum að taka höndum saman síðar á árinu og ræða árangurinn. Það er "mikilvægara" en íþróttastarfið sjálft.

Næstur tók til máls Þórir Jónsson formaður UMFÍ. Hann þakkaði fyrir boðið og flutti kveðjur frá UMFÍ.

Hann fagnaði tillögum varðandi landsmótið í Borgarnesi og þakkaði umsókn um landsmótshald. Síðan ræddi hann lítillega um landsmótið 1997 og kynningu þess. Hann var ánægður með að dansinn væri kominn inn í hreyfinguna og sagðist vera talsmaður þess að hann yrði sýningargrein á næsta landsmóti því dansinn væri almenningsíþrótt sem allir gætu stundað.

Hann ræddi einnig um fíkniefnin og brottafell unglinganna. Þórir sagði að við yrðum að líta inn á við og gæta að þeim unglingum sem við hefðum. Við yrðum að halda áfram að berjast gegn reykingum og gæta þess að beina ekki allri athygli að afreksíþróttum heldur einnig að hlúa að almenningsíþróttum.

ULM bar einnig á góma í ávarpi Þóris og þá sérstaklega hin óæskilega dreifing keppnisstaða og morgunverðaraðstaða keppenda. Nú sér UMFÍ um að úthluta mótsaldi skv. umsóknum sem berast og geta því nokkuð stjórnað því að slík dreifing eigi sér ekki stað aftur.

Þórir vakti einnig sérstaka athygli á norrænu samstarfi um ungmannaviku sem verður haldin í Svíþjóð í summar og er fyrir unglings á aldrinum 14-25 ára. Hann hvatti aðildarfélögin til að



nýta sér þetta fyrir unglungana. Að lokum óskaði hann aðildarfélögunum alls hins besta.

## **8. Álit kjörbréfa-nefndar og 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga**

Næst á dagskrá var álit kjörnefndar og gerði þingforseti að tillögu sinna að aðild nýrra félaga yrði tekin á dagskrá um leið. Dansfélagið Hvönn hafði sótt um aðild og hafði ekkert athugavert fundist við lög félagsins og var því umsókn lögð fram og borin undir atkvæði. Dansfélagið Hvönn var samþykkt í sambandið með lófataki.

Samkvæmt kjörbréfum voru 37 fulltrúar mættir af þeim 61 sem skráðir voru en þeir voru;  
frá UMFA:

Páll Aðalsteinsson  
Svanur M. Gestsson  
Valdimar L. Friðriksson  
Guðrún Magnúsdóttir  
Lilja Petra Ásgeirssdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Eyjólfur Árni Rafnsson

frá UBK:

Logi Kristjánsson  
Jón Ingi Ragnarsson  
Kristján Guðmundsson  
Andrés Pétursson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Jóhann Ármason  
Eiríkur Jensson  
Kristján Jónatansson  
Ester Jónsdóttir

frá Stjórnunni:

Stefán Árnason  
Októ Einarsson  
Gunnþóra Skaftadóttir  
Gömundur Guðmundsson

frá Gróttu:

Elías Leifsson  
Gísli Birgisson  
Helga Guðmundsdóttir  
Guðrún Ína Einarsdóttir

frá HK:

Sigurjón Sigurðsson  
Albert H.N. Valdimarsson  
Óskar Elvar Óskarsson

frá Gerplu:

Kristján Erlendsson  
Óskar Einarsson  
Magnús Gunnarsson



frá Ými:

Páll Hreinsson

Ólafur Bjarnason

frá Skotfélagi Kópavogs:

Steinar Einarsson

frá Andvara:

Halldór H. Halldórsson

frá Augnablik:

Árni Þór Birgisson

frá Golfklúbbi Ness:

Jón Ásgeir Eyjólfsson

frá Hvönn:

Hafsteinn Örn Guðmundsson

frá Golfkl. Bakkakots:

Sævar Pálsson

Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

## 10. Umræður um skýrslu stjórnar

Fulltrúi Hvannar Hafsteinn Guðmundsson þakkaði UMSK og ÍSÍ velvild í garð danshreyfingarinnar. Hann nefndi að danshreyfingin ætti við sama vandamál að stríða eins og aðrir varðandi brottfall unglunganna.

Ellert B Schram óskaði UMSK og Hvönn til hamingju með þá ákvörðun að hleypa dansfélagi inn í samtökin. Þetta væri í fyrsta sinn sem héraðssambandsþing samþykkti slíka aðild að íþróttahreyfingu. Hann kvað fengur að sem flestum samtökum og fjölbreyttastri starfsemi.

Ólina Sveinsdóttir þakkaði stjórn UMSK gott samstarf, góða skýrslu og starf. Hún sagði að þess þyrfti að gaeta að stoppa ekki. Brottfallið væri áhyggjuefn. Endurskoða þyrfti sérhæfingu og samstarf við skóla, sérstaklega heilsdagsskólana. Nú væri breytt viðhorf og íþróttir væri ekki bara keppni heldur lífsstíll. Við þurfum að vera í fararbroddi í endurskoðun eins og varðandi dansinn. Hún vildi að stjórn UMSK og félaganna tæki höndum saman og breytti því munstri sem nú væri ríkjandi.

Kristján Sveinbjörnsson þakkaði skýrsluna. Hann sagði að mikil breyting hefði orðið frá því áður er allur kraftur fór í að safna peningum. Eftir að lottóið kom er auðveldara að fjármagna starfsemi félaganna. Það þarf að gæta að þessarri uppsprettu okkar. Allir að sjá til þess að lottóið og getraunirnar standi í stað eða aukist. Við verðum að halda hlutdeild okkar á þessum markaði.



Kristjáni þótti bjartsýni ríkjandi í stjórn UMSK að vilja halda landsmót í Kópavogi. Þar yrði ekki sveitastemmning. Landsmótin eru hins vegar að breytast. Við fáum ekki tekjur af áhorfendum, heldur eignum að hafa þau opin öllum og þannig má gera landsmótin spennandi og skemmtileg fyrir alla sem vilja koma og fylgjast með.

Hafsteinn Pálsson þakkaði gott samstarf og góða skýrslu. Hann þakkaði sérstaklega glæsilegan árangur þrátt fyrir um fjögurra milljóna samdrátt í tekjum. Í raun væri sambandið rekið á sléttu þar sem verið væri að leggja til hliðar áttahundruð þúsund til landsmóts 1997. Styrkir til félaga drögust aðeins saman um fjögurhundruð þúsund.

Hann sagði að það þyrfti að hlúa að barna og ungingastarfinu. Úthlutunarreglur lottós væri tengt ungingum og því væri augljós áhersla á ungingastarfið. Allir þyrftu að leggjast á eitt, yfirvöld, frjáls félagasamtök, sveitarstjórnir ofl og leggja áherslu á þetta.

Unnar Stefánsdóttir óskaði UBK til hamingju með aðstöðuna í Smáranum. Hún sagði að umbótanefnd ÍSÍ hefði gert könnun þar sem kom í ljós að brottfall stúlkna væri meira en drengja. Ráðinn hefði verið starfsmaður hjá ÍSÍ sem kanni hvað hægt sé að gera til að fá stúlkur til að taka þátt í íþróttum. Dansinn væri eitt af þeim öflum sem hægt væri að nota. Til dæmis væri hægt að nýta leikskólanu með því að kenna þar dans. Þetta væri aðeins spurning um lífsstíl. Við ættum einnig að ihuga að nota jafningjafræðslu varðandi brottfall og leiðir til að minnka það. Það væri ljóst að það nær best til unginganna.

## 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Enginn hvað sér hljóðs varðandi reikninga sambandsins og voru reikningar því bornir undir atkvæði.

*Þeir voru samþykktir samhljóða.*

## 12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Logi stóð upp og lagði fram dagskrábreytingartillögu þess efnis að einungis yrði skipað í kjörnefnd þar sem málin sem lögð væru fyrir þingið væru þess eðlis að allur þingheimur gæti rætt málin og ekki þyrfti nefndir.

*Þessi tillaga var samþykkt með lófataki.*

Í kjörnefnd voru kjörnir Hafsteinn Pálsson, Andrés Pétursson og Gísli Birgisson.

Kjörnefnd tók síðan til starfa undir forystu Hafsteins Pálssonar.



### 13. tillögur sem lágu fyrir þinginu lagðar fram.

Tillögur frá stjórn voru nú lagðar fram og var byrjað á tillögu 6.

#### Pingskjal 6

72. Ársþing UMSK... hvetur forystufólk aðildarfélaganna til að taka þátt í leiðtoganármskeiðum sem haldin verða nú í vor.

*Par varð engin umræða og hún samþykkt samhljóða.*

Sama má segja um tillögu 7 og 8.

#### Pingskjal 7

72. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Pingskjal 8

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til hefja nú þegar undirbúning fyrir þátttöku í 22. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og stefna með því að sigri.

*Samþykkt samhljóða.*

Um tillögu 9 urðu stuttar umræður þar sem Logi kvaddi sér hljóðs. Hann sagði að við þyrftum að taka okkur góðan tíma tið að ihuga landsmótshald vegna reynslunnar frá 1990 og 1994. Þar þyrfти sérstaklega að gæta að fjárhagsþættinum. Við þyrftum að finna annað form fyrir landsmótið. Hann sagðist þó ekki hafa neinar tillögur um það. Hann kvað Kópavogsþá tilbúna árið 2004 ef áhrifaríkt form, íþróttalega og félagslega finndist.

Þórir Jónsson fagnaði tillöggunni.

Tillagan 9 var síðan borin undir atkvæði.

#### Pingskjal 9

72. Ársþing UMSK... felur stjórn sambandsins að kanna grundvöll fyrir Landsmóti á sambandssvæðinu og leggja drög að því að mótið 2004 verði haldið í Kópavogi.

*Samþykkt samhljóða.*



Næst var komið að tillögu númer 10 sem hljóðaði svona:

### Pingskjal 10

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að gera átak til að koma í veg fyrir brottfall unglings úr íþróttum.

Kristján Erlendsson formaður Gerplu flutti svohljóðandi breytingartillögu við hana:

72.ársþing UMSK ...hvetur aðildarfélögini til að gera átak til að koma í veg fyrir brottfall unglings úr íþróttum og stjórn sambandsins til að hafa framgöngu um samhæfingu meðal aðildarfélaganna.

Hann sagði að samkvæmt skýrslunni mætti ætla að stór hluti brottfalls stúlkna væri fimleikum að kenna. Þar eru einmitt stundaðar miklar æfingar og keppni strax á unga aldri. Hann sagði einnig að aðflæði ungra stráka hefði aukist mikið eftir að afreksmaður bættist í raðir þeirra.

*Tillagan var samþykkt með áorðnum breytingum.*

Tillögur númer 11, 12, 2, 3, 4 og 5 voru samþykktar samhljóða, án umræðu.

### Pingskjal nr. 11

72. Ársþing UMSK... hvetur forystu íþóttahreyfingarinnar til að hrinda af stað átaki til eflingar á íþróttaiðkun unglings.

*Samþykkt samljóða.*

### Piggskjal nr. 12

72. Ársþing UMSK... samþykkir eftirfarandi viðbót við 2. grein reglugerðar um heiðursviðurkenningar.

10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári

*Samþykkt samhljóða.*

### Pingskjal nr. 3

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

*Samþykkt samhljóða.*

**Pingskjal nr. 4**

72. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögini.

*Samþykkt samljóða*

**Pingskjal nr. 5**

72. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

*Samþykkt samhljóða*

**Pingskjal nr. 2****Fjárhagsáætlun 1996****Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.700.000
Getraunir	600.000
Lottó	2.000.000
Skattur aðildarfélaga	1.200.000
	<u>5.500.000</u>

**Gjöld:**

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Þing og sérráð	300.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	500.000
Framlag í landsmótssjóð	1.000.000
Annar kostnaður	1.200.000
· Styrkir	
· Mótahald	
	<u>5.500.000</u>

*Samþykkt samhljóða.*

Kristján Sveinbjörnsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

72.ársþing UMSK... felur stjórn sambandsins að endurvekja útgáfu fréttabréfa UMSK. Gefin verði út a.m.k.3-6 blöð á ári. Fréttabréfin eru einn besti vettvangur sambandsins til að ná til allra þeirra aðila sem starfa við eða tengjast íþróttum og ungmannafélagsstarfi á sambandssvæði UMSK.

Kristján talaði fyrir tillögu sinni. Hann sagðist hafa saknað fréttabréfa sambandsins og vildi festa útgáfu þess.

Birgir svaraði því til að síðast fréttabréf hefði komið út í nóv 1994. Hann hefði skrifað uppköst að 3 fréttabréfum á síðasta ári sem aldrei hefðu komist í prent. Hann sagði einnig að næsta fréttabréf væri væntanlegt eftir u.p.b.2 vikur.

*Tillaga Kristjáns var samþykkt samhljóða.*

Valdimar L. Friðriksson bar einnig upp tillögu svohljóðandi:

72.ársping UMSK... hvetur sveitastjórnir til þess að stórauka beina fjárstyrki til íþróttar- og ungmennafélaga og viðurkenna þar með gildi íþróttar sem uppeldis og forvarnarstarf.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## 14. Önnur mál

Logi Kristjánsson kvað sér fyrstur hljóðs. Hann sagði að til stæði að hafa á dagskrá umræður um stöðu hreyfingarinnar. Við stöndum á tímmatónum og þurfum að ræða það mál ítarlega. Við þurfum að draga lærðom af UMFÍ þinginu. Skil eru á milli félaga sem starfa í þettbýli og dreifsbýli. Hvernig viljum við sjá hreyfinguna í framtíðinni. Við erum fyrst og fremst að vinna fyrir æsku landsins. Slagurinn um hverjakrónu eykst. Hann hvatti væntanlega stjórn UMSK til að halda þessum málum vakandi og standa við bakið á fulltrúum UMSK í framtíðarnefnd UMFÍ.

Hafsteinn Pálsson sagði að það vantaði yfirlit yfir dómstól UMSK og endursk oðendorf í skýrslu stjórnar og óskaði eftir því að þeim upplýsingum yrði bætt inn í skýrslur framtíðarinnar.

Hann sagði að grásrótin ætti að ákveða hvernig skipulag hreyfingarinnar væri. Því ættu félögini og samböndin að ræða málín. Við þyrftum að senda skýr skilaboð um það hvernig yfirbyggingin væri.

Er hér var komið sögu var gert fundarhlé. Í hádegisverðarhléi voru veittar viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþróttar og félagsmála. Þá ávarpaði Sigurður Geirdal bæjarstjóri fundarmenn.

Hann óskaði verðlaunahöfum til hamingju. Hann sagði m.a. að við ættum að leggja mikla rækt við félagslega þáttinn því það sem stæði upp úr hjá honum í minningunni eftir margra ára

## Hádegisverðarhlé



æfingar ýmissa íþróttagreina væri einmitt sá þáttur. Það er unnið þýðingarmikið starf innan UMSK en eitt er þó aldrei minnst á og það er leiðtogaþarfíð. Það væri mikil vinna sem þarfnaðist þjálfunar og seiglu en væri lítið þakkað af öðrum.

Við ættum að stefna að sigri á næsta landsmóti. Hann sagði að hægt væri að bjóða upp á frábæra aðstöðu í Kópavoginum fyrir landsmót.

Hann sagði einnig að norðurlandaþjóðirnar hefðu öfundað okkur af innra skipulagi íþróttahreyfingarinnar. Við höfum ekki misst sjónar af markmiðum hreyfingarinnar í gegnum tíðina. Breytingar má ekki gera þeirra vegna heldur aðeins þannig að það sé hreyfingunni til góðs.

Eftirfarandi viðurkennningar voru veittar í hádegisverðarhléi.

Félagsmálaskjöldur UMSK:

Hraunar Danielsson

Breiðablik

Afreksbikar UMSK:

Páll Hreinsson

Ými

Frjálsíþróttabikar UMSK:

Boðhlaupssveit karla

Breiðablik/Afturelding

Sundbikar UMSK:

Gígja Hrönn Árnadóttir

Afturelding

Fimleikabikar UMSK:

Tromp hópur kvenna

Gerpla

UMFÍ bikarinn:

Meistarfl. kv. handkn.leik

Stjarnan

Starfsmerki voru sæmdir:

Ólafur Bjarnason

Ými

Eyjólfur Árni Rafnsson

Afturelding

Ingibjörg Hinrikssdóttir

Breiðablik

Eiríkur Jensson

Breiðablik

Þá var afhent starfsmerki til Andrésar Péturssonar sem úthlutað hafði verið merki árið 1994.

Ingvar Árnason f.v. formaður Gerplu var heiðraður með Silfurmerki UMSK.

Þórir Jónsson formaður UMFÍ notaði tækifærið og sæmdi Birgi Ara Hilmarsson starfmerki UMFÍ.



## 15. Kosningar

Eftir hlé var gengið til kosninga um nýja stjórn. Hafsteinn Pálsson flutti niðurstöður kjörnefndar og engin mótframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir í stjórn UMSK:

**Formaður til eins árs:**

Svanur M. Gestsson

Afturelding

**Stjórnarmenn til tveggja ára:**

Guðrún Magnúsdóttir

Afturelding

Sigurjón Guðfinnsson

KGB

**Varastjórni til eins árs:**

Albert H.N. Valdimarsson

HK

Sturlaugur Tómasson

Breiðablik

Lára Ólafsdóttir

Gerpla

Pá voru kosnir endurskoðendur og í dómstól sambandsins:

**Endurskoðendur:**

Ólina Sveinsdóttir

Gunnar Páll Pálsson

**Endurskoðendur til vara:**

Kristján Sveinbjörnsson

Hafsteinn Pálsson

**Dómstóll til þriggja ára:**

Halldór Frímannsson

**Varamaður í dómstól til þriggja ára:**

Gunnar Lúðvíksson

## 16. Pingslit

Nýkjörinn formaður UMSK, Svanur Gestsson þakkaði að lokum þingfulltrúum traustið sem honum hefur verið sýnt og sleit þingi.

Þingfulltrúum var síðan boðið að skoða aðstöðu UBK í Smáranum og einnig bauð handknattleiksdeild Stjörnunnar öllum fulltrúum frítt á leik kvennaliðs Stjörnunnar í Garðabæ síðar um daginn.

Lilja Petra Ásgeirs Þóttir  
þingritari.



*Páll Hreinsson, Ými tekur við afreksbikar UMSK.*



*Gígja Hrönn Árnadóttir tekur við sundbikar UMSK.*



*Svanur M. Gestsson afhendir Hraunari Danielssyni félagsmálaskjöld UMSK.*





# Tillögur samþykktar á 72. ársþingi UMSK

## Pingskjal nr. 2

### Fjárhagsáætlun 1996

#### Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.700.000
Getraunir	600.000
Lottó	2.000.000
Skattur aðildarfélaga	1.200.000
	<u>5.500.000</u>

#### Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Ping og sérráð	300.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	500.000
Framlag í landsmótssjóð	1.000.000
Annar kostnaður	1.200.000
· Styrkir	
· Mótahald	
	<u>5.500.000</u>

### Pingskjal nr. 3

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

### Pingskjal nr. 4

72. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

### Pingskjal nr. 5

72. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði **kr. 100** á félagsmenn 16 ára og eldri og **kr. 45** á félagsmenn yngri en 16 ára.

### Pingskjal nr. 6

72. Ársþing UMSK... hvetur forystufólk aðildarfélaganna til að taka þátt í leiðtoganámskeiðum sem haldin verða nú í vor.



#### **Pingskjal nr. 7**

72. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

#### **Pingskjal nr. 8**

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til hefja nú þegar undirbúning fyrir þátttöku í 22. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og stefna með því að sigri.

#### **Pingskjal nr. 9**

72. Ársþing UMSK... felur stjórn sambandsins að kanna grundvöll fyrir Landsmóti á sambandssvæðinu og leggja drög að því að mótið 2004 verði haldið í Kópavogi.

#### **Pingskjal nr. 10**

72. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að gera átask til að koma í veg fyrir brottfall unglings úr íþróttum og stjórn sambandsins til að hafa framgöngu um samhæfingu meðal aðildarfélaganna.

#### **Pingskjal nr. 11**

72. Ársþing UMSK... hvetur forystu íþóttahreyfingarinnar til að hrinda af stað átaki til eflingar á íþróttaiðkun unglings.

#### **Pingskjal nr. 12**

72. Ársþing UMSK... samþykkir eftirfarandi viðbót við 2. grein reglugerðar um heiðursviðurkenningar.

10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári

#### **Tillögur frá þingfulltrúum.**

72. Ársþing UMSK... felur stjórn sambandsins að endurvekja útgáfu fréttabréfa UMSK. Gefin verði út a.m.k. 3-6 blöð á ári. Fréttabréfin eru einn besti vettvangur sambandsins til að ná til allra þeirra aðila sem starfa við eða tengjast íþróttum og ungmannafélagsstarfi á sambandssvæði UMSK.

72. Ársþing UMSK... hvetur sveitastjórnir til þess að stórauka beina fjárstyrki til íþróttar- og ungmannafélaga og viðurkenna þar með gildi íþróttar sem uppeldis og forvarnarstarf.



# Lög og reglugerðir UMSK





# Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

## 1. gr. Heiti og sam- bandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

## 2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

## 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

## 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar árhvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

## 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það rædir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilmál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

## 6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmannna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

## 7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörmir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttafulltrúi ríkisins.
- Endurskoðendur.
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.
- Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

## 8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Pingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á áliti nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
  - Kosning formanns.
  - Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
  - Kosning í héraðsdómstól.
- Pingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

**9. gr. Aukaping**

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapindi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapindi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

**10. gr. Stjórn**

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórmarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er stjórninni að halda fund með formönum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

**11. gr. Hlutverk  
stjórnar**

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

**12. gr. Héraðsdómstóll**

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

**13. gr. Lagabreytingar**

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

**14. gr. Atkvæðamagn  
við  
lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.



## 15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Samþykkt héraðsþings UMSK:           | 1992-02-09 |
| b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ:  | 1992-10-29 |
| c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: | 1993-01-21 |

*Frá setningu 72. ársþings  
UMSK.*



*Logi Kristjánsson, formaður  
Breiðabliks í ræðustól á 72.  
ársþinginu..*





# Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

## 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

## 2. gr. Viðurkenningar

- 1. Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
- 2. Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
- 3. Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átaska í félagsstörfum innan UMSK.
- 4. Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
- 5. Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnú Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
- 6. Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
- 7. UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
- 8. Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
- 9. Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
- 10. Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári



# Reglugerð um sérnefndir UMSK

## 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

## 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

## 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeilda íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

## 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

## 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á svíði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samræði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

## 6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

## 7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK



# Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 566-6944
Varaf.	Ester Jónsdóttir	Breiðablik	S. 554-4158
Ritari	Sigurjón Guðfinnsson	KGB	S. 567-2026
Gjaldkeri	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA	S. 566-7124
Meðstj.	Örn Harðarson	Hörður	S. 566-6359

## Til Vara:

Albert Valdimarsson	HK	S. 555-2832
Sturlaugur Tómasson	Breiðablik	S. 554-6504
Lára Ólafsdóttir	Gerpla	S. 567-0884

